

Fundargerð 266. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Fundarsalur Þingborg
Fundardagur: Þriðjudagur 9. ágúst 2022
Fundartími: 9:00 – 10:40
Fundarmenn: Árni Eiríksson oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Elín Höskuldsdóttir

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Við dagskrá fundarins bætist samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps til annarrar umræðu sveitarstjórnar undir lið 2. Anna Dóra Jónsdóttir ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð skipulagsnefndar nr. 243, dags. 13.07.2022

a) Skógsnes 3 L229834; Leyfi fyrir aðstöðuhúsi – 2206109

Fyrir liggur umsókn Axels Davíðssonar með umboð landeiganda, móttokin 28.06.2022, um leyfi til að setja tímabundið niður 33 m² aðstöðuhús á lóðina Skógsnes 3 L229834 í Flóahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að umsækjanda verði gert að sækja um byggingarleyfi fyrir umsóttu aðstöðuhúsi. Umsókn um byggingarleyfi fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Nefndin mælist jafnframt til þess að unnið verði deiliskipulag fyrir landið sem tilgreini framtíðar byggingarheimildir sem ætlunin er að ráðast í innan svæðisins og viðkomandi aðstöðuhús á að nýtast fyrir.

Fyrir liggur umsókn Axels Davíðssonar með umboð landeiganda, móttokin 28.06.2022, um leyfi til að setja tímabundið niður 33 m² aðstöðuhús á lóðina Skógsnes 3 L229834 í Flóahreppi.

Sveitarstjórn Flóahrepps mælist til þess að umsækjandi sækji um byggingarleyfi fyrir umsóttu aðstöðuhúsi. Umsókn um byggingarleyfi fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fyrirvara um niðurstöðu grenndarkynningar. Sveitarstjórn mælist jafnframt til þess að unnið verði deiliskipulag fyrir landið sem tilgreini framtíðar byggingarheimildir sem ætlunin er að ráðast í innan svæðisins og viðkomandi aðstöðuhús á að nýtast fyrir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

b) Tjarnastaðir L207509; Umsókn um byggingaheimild; geymsla – 2207010

Fyrir liggur umsókn Knúts E. Jónssonar fyrir hönd Reynis Jónssonar, móttokin 30.06.2022, um byggingarheimild fyrir 151 m² geymslu á jörðinni Tjarnastaðir L207509 í Flóahreppi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

Fyrir liggur umsókn Knúts E. Jónssonar fyrir hönd Reynis Jónssonar, móttokin 30.06.2022, um byggingarheimild fyrir 151 m² geymslu á jörðinni Tjarnastaðir L207509 í Flóahreppi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir umsókn um byggingaheimild og að málið fái málsmeðferð á grundvelli 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Þar sem engir aðrir hagsmunaaðilar eru innan svæðisins en umsækjandi er ekki talin þörf á grenndarkynningu á grundvelli 3. mgr. 43. gr. skipulagslaga.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

c) Laugardælur land L206118; Vegsvæði; Stofnun lóðar – 2206076

Lögð er fram umsókn frá sveitarfélaginu Árborg er varðar stofnun lóðar fyrir vegsvæði úr landi Laugardæla L206118.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

Lögð er fram umsókn frá sveitarfélaginu Árborg er varðar stofnun lóðar fyrir vegsvæði úr landi Laugardæla L206118.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi umsókn um stofnun lóðar fyrir vegsvæði.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

d) Vatnsholt 2 L166398; Tjaldstæði; Deiliskipulag – 2106162

Lögð er fram umsókn frá Margréti Ormsdóttur er varðar nýtt deiliskipulag að Vatnsholti 2 L166398. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining á svæði fyrir tjaldsvæði innan jarðarinnar ásamt byggingarheimildum fyrir 100 fm. húsi tengt rekstri tjaldsvæðis. Auk þess er gert grein fyrir núverandi byggingum innan svæðisins og nýrri aðkomu. Skipulagið var áður tekið fyrir og frestað afgreiðslu í sveitarstjórn þann 10. ágúst 2021. Framlögð gögn eru uppfærð í takt við fyrri bókun sveitarstjórnar.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að deiliskipulagið verði samþykkt og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 þar sem allar meginforsendur liggi fyrir innan aðalskipulags sveitarfélagsins.

Lögð er fram umsókn frá Margréti Ormsdóttur er varðar nýtt deiliskipulag að Vatnsholti 2 L166398. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining á svæði fyrir tjaldsvæði innan jarðarinnar ásamt byggingarheimildum fyrir 100 fm. húsi tengt rekstri tjaldsvæðis. Auk þess er gerð grein fyrir núverandi byggingum innan svæðisins og nýrri aðkomu. Skipulagið var áður tekið fyrir og frestað afgreiðslu í sveitarstjórn þann 10. ágúst 2021. Framlögð gögn eru uppfærð í takt við fyrri bókun sveitarstjórnar.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir deiliskipulagið og að það verði auglýst á grundvelli 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

e) Laugardælur land L206114; Vegsvæði; Stofnun lóðar – 2206075

Lögð er fram umsókn frá sveitarfélaginu Árborg er varðar stofnun lóðar fyrir vegsvæði úr landi Laugardæla land L206114.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

Lögð er fram umsókn frá sveitarfélaginu Árborg er varðar stofnun lóðar fyrir vegsvæði úr landi Laugardæla L206114.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi umsókn um stofnun lóðar fyrir vegsvæði.
Samþykkt með 5 atkvæðum.

f) Hnaus, Hnaus 2; Breytt landnotkun; Aðalskipulagsbreyting – 2207019

Lögð er fram skipulagslýsing sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Breytingin nær til fristundasvæða F16 og F16D sem skilgreint verður sem landbúnaðarland og mun eftir atvikum hafa áhrif á skógræktar- og landgræðslusvæði, SL6. Um er að ræða svæði sem tilheyra

Löðunum Hnaus L166347, Hnaus lóð L178934, Hnaus lóð L17893, Hnaus land 1 L213872 og Mosató 4 L230715.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lögð er fram skipulagslýsing sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Breytingin nær til frístundasvæða F16 og F16D sem skilgreint verður sem landbúnaðarland og mun eftir atvikum hafa áhrif á skógræktar- og landgræðslusvæði, SL6. Um er að ræða svæði sem tilheyra löðunum Hnaus L166347, Hnaus lóð L178934, Hnaus lóð L178933, Hnaus land 1 L213872 og Mosató 4 L230715

Sveitarstjórn samþykkir skipulagauglýsingu til kynningar og umsagnar í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

g) Svarfhólsvöllur L166322; Svarfhólsvöllur vegsvæði; Stofnun lóðar – 2206074

Lögð er fram umsókn frá Sveitarfélaginu Árborg er varðar stofnun lóðar undir vegsvæði í landi Svarfhólsvallar L166322.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

Lögð er fram umsókn frá sveitarfélaginu Árborg er varðar stofnun lóðar fyrir vegsvæði úr landi Svarfhólsvallar L166322.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi umsókn um stofnun lóðar fyrir vegsvæði.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

h) Hnaus 2, Mosató 3 L225233; Stækkun hótels; Aðalskipulagsbreyting – 2207020

Lögð er fram skipulagslýsing sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Í breytingunni felst að reiknað er með auknu umfangi og heimildum fyrir uppbyggingu á verslunar- og þjónustutengdri starfsemi á lóð Mosató 3 L225233. Gerð verður breyting á töflu í kafla 2.4.1 um verslun og þjónustu. Gerð verður grein fyrir auknu umfangi hótels með gistiplássi fyrir allt að 60 manns. Í breytingunni felst aukið byggingarmagn á lóð hótelsins, heimilt er að byggja hæð ofan á hótelið þannig að byggingin verði 2 hæðir, án kjallara. Heildarbyggingarmagn innan lóðar eykst úr 2.000 m² í 2.300 m² og hámarksfjöldi herbergja eykst úr 20 herbergjum í 27 herbergi.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lögð er fram skipulagslýsing sem tekur til breytinga á aðalskipulagi Flóahrepps 2017-2029. Í breytingunni felst að reiknað er með auknu umfangi og heimildum fyrir uppbyggingu á verslunar- og þjónustutengdri starfsemi á lóð Mosató 3 L225233. Gerð verður breyting á töflu í kafla 2.4.1 um verslun og þjónustu. Gerð verður grein fyrir auknu umfangi hótels með gistiplássi fyrir allt að 60 manns. Í breytingunni felst aukið byggingarmagn á lóð hótelsins, heimilt er að byggja hæð ofan á hótelið þannig að byggingin verði 2 hæðir, án kjallara. Heildarbyggingarmagn innan lóðar eykst úr 2.000 m² í 2.300 m² og hámarksfjöldi herbergja eykst úr 20 herbergjum í 27 herbergi.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum

i) Uppsaliir land L206119; Uppsaliir vegsvæði; Stofnun lóðar – 2206073

Lögð er fram umsókn frá Sveitarfélaginu Árborg er varðar stofnun lóðar undir vegsvæði úr landi Uppsala lands L206119.

Skipulagsnefnd UTU gerir ekki athugasemd við stofnun lóðarinnar skv. fyrirbyggjandi umsókn. Skipulagsnefnd mælist til að sveitarstjórn Flóahrepps samþykki erindið.

Lögð er fram umsókn frá Sveitarfélaginu Árborg er varðar stofnun lóðar undir vegsvæði úr landi Uppsala lands L206119.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir fyrirbyggjandi umsókn um stofnun lóðar fyrir vegsvæði. Samþykkt með 5 atkvæðum.

j) Þingborg íbúðarbyggð; Endurskoðað deiliskipulag – 2204026

Lögð er fram tillaga er varðar heildarendurskoðun deiliskipulags íbúðarsvæðis við Þingborg eftir auglýsingu. Deiliskipulagið nær til um 8 ha svæðis þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu á fjölbreyttu íbúðarhúsnæði. Umsagnir bárust vegna málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Flóahrepps að samþykkja framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu. Nefndin telur ekki ástæðu til að bregðast sérstaklega við framlögðum umsögnum vegna málsins. Nefndin mælist til þess að deiliskipulagið taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Lögð er fram tillaga er varðar heildarendurskoðun deiliskipulags íbúðarsvæðis við Þingborg eftir auglýsingu. Deiliskipulagið nær til um 8 ha svæðis þar sem gert er ráð fyrir uppbyggingu á fjölbreyttu íbúðarhúsnæði. Umsagnir bárust vegna málsins og eru þær lagðar fram við afgreiðslu málsins.

Sveitarstjórn samþykkir framlagt deiliskipulag eftir auglýsingu og að birt verði auglýsing í B-deild Stjórnartíðinda að lokinni yfirferð Skipulagsstofnunar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

k) Skyggir L197781; Fjölgun byggingarreita; Deiliskipulagsbreyting – 2207005

Lögð er fram umsókn frá Helga Eyjólfssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi lóðar Skyggis L197781. Í breytingunni felst að byggingarreitum er fjölgað um tvo auk þess sem legu og lögun reita nr. 2 og 3 er breytt. Byggingarmagn innan núverandi byggingarreita er óbreytt en hámarks byggingarmagn innan skipulagssvæðisins eykst úr 1.910 fm í 2.290 fm með tilkomu nýrra byggingarreita.

Að mati skipulagsnefndar fellur framlögð deiliskipulagsbreyting ekki að markmiðum aðalskipulags er varðar aðra atvinnustarfsemi á landbúnaðarlandi þar sem engin eiginleg landbúnaðarstarfsemi er innan landsins í dag. Að mati nefndarinnar er því eðlilegt að meginnotkun hluta landsins verði skilgreind í aðalskipulagi sem verslunar- og þjónustusvæði í takt við framlagða breytingu á deiliskipulagi.

Lögð er fram umsókn frá Helga Eyjólfssyni er varðar breytingu á deiliskipulagi lóðar Skyggis L197781. Í breytingunni felst að byggingarreitum er fjölgað um tvo auk þess sem legu og lögun reita nr. 2 og 3 er breytt. Byggingarmagn innan núverandi byggingarreita er óbreytt en hámarks byggingarmagn innan skipulagssvæðisins eykst úr 1.910 fm í 2.290 fm með tilkomu nýrra byggingarreita.

Að mati sveitarstjórnar Flóahrepps fellur framlögð deiliskipulagsbreyting ekki að markmiðum aðalskipulags er varðar aðra atvinnustarfsemi á landbúnaðarlandi þar sem engin eiginleg landbúnaðarstarfsemi er innan landsins í dag. Að mati sveitarstjórnar er því eðlilegt að meginnotkun

hluta landsins verði skilgreind í aðalskipulagi sem verslunar- og þjónustusvæði í takt við framlagða breytingu á deiliskipulagi. Sveitarstjórn Flóahrepps synjar framanlagðri umsókn um breytingu á deiliskipulagi.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

1) Afgreiðslur byggingarfulltrúa – 22-167 – 2206005F

Lögð er fram fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 22-167.

2. Samþykkt um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps

Samþykktir um stjórn sveitarfélagsins Flóahrepps lagðar fram til annarrar umræðu í sveitarstjórn. Grein nr. 66 þarfnast endurskoðunar að öðru leyti eru samþykktirnar samþykktar, samþykktir verða lagðar fyrir til endanlegrar staðfestingar á næsta fundi sveitarstjórnar, í kjölfarið sendar á Innviðaráðuneyti til samþykktar.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

3. Gjaldskrár leik- og grunnskóla

Lagðar fram gildandi gjaldskrár leik- og grunnskóla. Samkvæmt núgildandi gjaldskrár skulu þær endurskoðaðar með tilliti til breytinga á vísitölu neysluverðs tvisvar á ári eða 1. ágúst og 1. febrúar ár hvert.

Sveitarstjórn samþykkir að gjaldskrár vegna skólamáltíða og skólavistunar Flóaskóla og gjaldskrár leikskólans Krakkaborgar skuli taka breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs frá 1. ágúst 2022 en að frekari breytingar á gjaldskrár verði skoðaðar í tengslum við fjárhagsáætlanagerð fyrir árið 2023 og þá skoðaður möguleiki á að koma til móts við notendur þjónustu er varðar kostnað frá 1. febrúar 2023.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

4. Erindi frá Ólafi Sigurðssyni – Hjólreiðastígar í Flóahreppi

Lagt fram erindi frá Ólafi Sigurðssyni vegna hugmynda um hjólreiðastíga í Flóahreppi. Í erindinu er lagt til að sveitarfélagið berjist fyrir því að Flóahreppur verði hjólreiðasvæði landsins þar sem hjólreiðafólk geti komið og verið óhult meðfram vegum. Í erindinu er lagt til að það verði lagður malbikaður hjólreiðastígur meðfram ákveðinni leið í Flóahreppi. Hugmynd að hjólreiðastíg fylgir fundargögnum.

Sveitarstjórn þakkar innsent erindi. Vegagerðin, í samráði við sveitarfélögin í landinu, ákveður hvaða hjólreiðastígar skuli styrktir af samgönguáætlun hverju sinni. Núgildandi samgönguáætlun nær til árána 2020-2024. Frumkvæði að lagningu veganna, skipulagning þeirra, hönnun og mat á kostnaði er hjá sveitarfélögum sem fara með skipulagsvald á sínu svæði. Í núgildandi vegalögum er Vegagerðinni heimilt að veita fé af samgönguáætlun til gerðar göngu- og hjólreiðastíga í ákveðnu hlutfalli á móti sveitarfélögum. Sveitarstjórn felur umhverfis- og samgöngunefnd sveitarfélagsins að fjalla um erindið ásamt vinnuhópi um Heilsueflandi samfélag. Þeim falið að skoða möguleika varðandi lagningu hjólreiðastíga sem og hugmyndir að fjármögnun og framkvæmd slíkra framkvæmda, í samráði við sveitarstjóra.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

5. Frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga: Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Lagt fram fundarboð frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga í tengslum við áframhaldandi samstarf við innleiðingu Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Flóahreppur er í hópi tvö ásamt 9 öðrum sveitarfélögum sem eru lengra komin í innleiðingu markmiðanna.

Í tengslum við fundaboð vegna Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna er lagt fram boð frá PODIUM ehf. um kynningu fyrir sveitarstjórnarmenn og formenn nefnda sveitarfélagsins á Bravó kerfi sem er ætlað að halda utanum innleiðingu Heimsmarkmiðanna. Sveitarstjóra falið að finna tíma fyrir kynningu á kerfinu í samráði við Evu Magnúsdóttur hjá PODIUM ehf.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

6. Staða talmeinafræðings í uppsveitum og Flóa

Lagt fram erindi frá Hrafnhildi Karlsdóttur fyrir hönd Skóla- og velferðarþjónustu Árneshlíða. Óskað er eftir því að auka stöðugildi sameiginlegs talmeinafræðings í Uppsveitum og Flóa um 70% og að auglýst verði í starfið. Í dag er starfandi talmeinafræðingur í 60% starfshlutfalli og því myndi heildarstöðugildi talmeinafræðinga verða 130%.

Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkir aukninguna og að staðan verði auglýst. Sveitarstjórn óskar eftir því að áður en til ráðningar komi verði sveitarfélögunum sendar upplýsingar um fjölda á biðlista og kostnaðarauka sem kann að verða á þessu ári.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

7. Styrkúthlutun frá Orkusjóði vegna orkuskipta í samgöngum

Lagður fram samningur um styrk til orkuskipta. Styrkurinn er veittur vegna verkefnisins „Orkuskipti 2022“ sem er átaksverkefni stjórnvalda í samræmi við áherslur um orkuskipti og nýtingu endurnýjanlegrar orku og eru styrkir veittir á grundvelli laga nr. 70/2020 um Orkusjóð. Flóahreppur sótti um styrk eftir auglýsingu Orkusjóðs og fær styrk að upphæð 3.500.000 kr. sem nýta skal til uppsetningu á hleðslustöðvum í sveitarfélaginu. Sveitarstjórn Flóahrepps felur umhverfis- og samgöngunefnd sveitarfélagsins að koma með tillögu að staðsetningu fyrir hleðslustöðvar í samráði við umsjónarmann fasteigna. Sveitarstjóra falið að framfylgja samningnum og skila inn þeim upplýsingum og gögnum sem þörf er á vegna styrksins. Sveitarstjóra er jafnframt falið að leita tilboð í uppsetningu og búnað hjá nokkrum aðilum.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

8. Verkefni í félagsheimilum í Flóahreppi

Fyrir liggur að samningur um verkefni í félagsheimilum í Flóahreppi við verktaka rennur út 1. september 2022. Verktaki hefur áhuga á að framlengja samningi ef eftir því verður óskað. Sveitarstjórn Flóahrepps felur sveitarstjóra að ganga frá tímabundum samningi við verktaka um áframhaldandi þjónustu til 1. október 2022. Fyrir lok samningstíma skulu sveitarstjóri, umsjónarmaður fasteigna og húsverðir í félagsheimilum Flóahrepps vinna saman að skýrri verkefnalýsingu og samræma þá verkþætti sem eru innifaldir í þjónustu við útleigu og önnur verkefni. Í framhaldi þarf að meta starfsmannþörf við húsvörslu við félagsheimili sveitarfélagsins.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

9. Frá stjórnendateymi Flóaskóla: Húsnæðismál Flóaskóla

Lagt fram erindi frá stjórnendateymi Flóaskóla varðandi húsnæðismál Flóaskóla. Stjórnendur benda á að það fyrirkomulag sem ákveðið var til bráðabirgða eftir að mygla kom upp í elsta húsnæði skólans sé farið að þrengja að og hafa áhrif á starfsemina. Óskað er eftir úrræðum til að bæta vinnuástandi og rýmka húsnæði Flóaskóla.

Umsjónarmanni fasteigna ásamt skólastjóra og húsverði Flóaskóla falið að skoða eftirfarandi:

- a) Skoða og útfæra lausnir fyrir fatahengi, skó- og verðmætageymslu fyrir starfsmenn.
- b) Skoða og útfæra rými eða læstar hirslur fyrir kennslugögn sem ekki rúmast inni í kennslustofum.
- c) Skoða og útfæra hirslur fyrir tölvu- og tækjabúnað nemenda.

Sveitarstjórn beinir því til stjórnenda Flóaskóla að horft sé á allt húsnæði skólans varðandi nýtingu og nefnir þar Þjórásarver og Skólatröð sem möguleika. Í Skólatröð er frístund nemenda frá 14:00-16:30 á virkum dögum. Gera má ráð fyrir að hægt sé að nýta það húsnæði undir öruggt fundarherbergi á skólatíma. Einnig að horft sé á það rými, ef þörf er á, vegna sérfræðiþjónustu, innan skóla eða utanaðkomandi.

Varðandi aðstöðu ritara og stjórnenda óskar sveitarstjórn eftir tillögum að úrbótum frá skólastjóra og frekari úrskýringum á hvað vantar uppá til að aðstæður teljist viðunandi miðað við núverandi húsakost.

Sveitarstjóra og umsjónarmanni fasteigna falið að skoða möguleika og meta kostnað á bráðabirgðahúsnæði fyrir starfsmanna- og stjórnunaraðstöðu með tengingu við núverandi húsnæði og bera undir sveitarstjórn.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

10. Erindi frá T-lista: Leikskólamála

Lagt fram erindi frá T-lista er varðar mönnunarfanda á leikskólanum Krakkaborg. Í erindinu er óskað eftir svörum um hvað sveitarstjórn er að gera til að leysa vanda ungbarnadeildarinnar og hvenær foreldrar geti vænst að fá úrbót vegna vistunarmála í Krakkaborg.

Leikskólastjóri hefur undanfarna daga unnið úr umsóknum sem hafa borist í sumar eftir að leikskólinn lokaði fyrir sumarleyfi. Tekist hefur að manna leikskólann þannig að hægt er að opna allar deildir og taka á móti nýjum nemendum í aðlögun. Aðlögun nýrra nemenda hefst í þessari viku og hafa foreldrar verið upplýstir um það. Verið er að auglýsa eftir deildarstjóra og rennur sú auglýsing út 18. ágúst. Sveitarstjóri og leikskólastjóri hafa rætt saman um möguleika á mótun aðgerðaráætlunar með það að markmiði að auka hlutfall fagmenntaðra starfsmanna til lengri tíma. Sveitarstjórn felur fræðslunefnd Flóahrepps að hefja þá vinnu í vetur í samráði við leikskólastjóra. Það er áfram skýr vilji sveitarstjórnar Flóahrepps að reynt sé að taka á móti börnum að loknum rétti til töku fæðingarorlofs en sú þjónusta veltur ávallt á því að hægt sé að manna leikskólann. Ekki er um lögbundna þjónustu að ræða heldur er það ákvörðun sveitarstjórnar að veita þessa þjónustu.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

11. Erindi frá Almari Sigurðssyni: Sveitarstjórnarfundir í fjarfundarbúnaði

Lagt fram erindi frá Almari Sigurðssyni þar sem hann óskar eftir svörum við því að ekki sé verið að fylgja eftir ákvörðun sveitarstjórnar um að færa fundi sveitarstjórnarinnar nær íbúum sveitarfélagsins með opnu streymi frá sveitarstjórnarfundum.

Ekki hefur verið hægt að senda út fundi í opnu streymi fyrir en breyting hefur verið staðfest á samþykktum sveitarfélagsins sem þurfa að fara í gegnum tvær umræður í sveitarstjórn. Þegar fyrir liggur staðfesting frá sveitarstjórn fara samþykktir til staðfestingar hjá Innviðaráðuneyti.

Sveitarstjóra falið að undirbúa opið streymi frá sveitarstjórnarfundum. Fundir sveitarstjórnar verði sendir út í beinu streymi strax eftir að staðfesting á samþykktum frá ráðuneyti liggur fyrir.

Samþykkt með 5 atkvæðum.

12. Fundargerðir:

- Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 265, dags. 05.07.2022
- Stjórnar SASS nr. 583, dags. 15.06.2022 og og 584 dags. 24.06.2022
- Héradisnefndar Árnesinga nr. 26, dags. 30.06.2022
- Skólaþjónustu- og velferðarnefndar Árnesþings nr. 56, dags. 13.07.2022
- Heilbrigðisnefndar Suðurlands nr. 219, dags. 29.06.2022

13. Efni til kynningar

- Fjallaskilasamþykkt fyrir Árnessýslu austan vatna nr. 844/2022
- Frá Sigurhæðum: Skýrsla um ytra mat á undirbúning og innleiðingu verkefnisins – boð í heimsókn 25. október kl. 9:00.
- Drög að stefnu um verndun og rannsóknir á fornleifum og byggingararfi
- Frá Vegagerð: Leiðbeiningar fyrir sveitarfélög, Vegir og skipulag
- Íslenska æskulýðsrannsóknin: Niðurstöður úr fyrirlögn í Árnesþingi
- Frá Innviðaráðuneyti: Húsnæðisáætlun Íslands 2023-2032
- Frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti: Tímabundinn styrkur vegna barna á flóttu: síðari úthlutun
- Næsti fundur sveitarstjórnar verður 6. september 2022.

14. Trúnaðarmál

Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri

Árni Eiríksson (sign)

Walter Fannar Kristjánsson (sign)

Elín Höskuldsdóttir (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)

Harpa Magnúsdóttir (sign)